

REGLUGERÐ**um bann við netaveiðum í Faxaflóa og Breiðafirði.****1. gr.**

Á eftirgreindum svæðum eru þorskfiskveiðar í net bannaðar allt árið:

- a) Í Faxaflóa innan línu, sem dregin er úr Þormóðsskeri í Gölt.
- b) Á Breiðafirði innan línu, sem dregin er úr Skorarvita (65°24'9 N 23°57'2 V) um suðvesturhorn Selskers í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er selt samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 547 29. desember 1975, um skiptingu veiðisvæða eftir veiðarfærum fyrir Suðvestur- og Vesturlandi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. mars 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ**um bann við þorskveiðum með flotvörpu fyrir Suður- og Vesturlandi.****1. gr.**

Frá 10. mars til 1. júní 1977 eru þorskveiðar með flotvörpu bannaðar í íslenski fiskveiðilandhelgi á svæði, sem að austan takmarkast af línu, sem dregin er í réttvísandi austur frá Stokksnesi, og vestur um að línu, sem dregin er í réttvísandi vestur frá Látrabjargi.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. mars 1977.

Matthías Bjarnason.

Jón B. Jónasson.